

Aðalfundur FAAS haldinn 10.maí 2010.

Með þessum aðalfundi lýkur 25.starfsári FAAS sem telst frá miðjum september til 15.maí ár hvert. Að vísu heldur stjórn sína föstu fundi og skrifstofa félagsins starfar allt árið. Símsvörun og sá stuðningur sem félagið býður uppá er að sjálfsögðu til staðar yfir sumarið eins og endranær.

Stjórn FAAS þetta starfsár skipuðu:

- María Th. Jónsdóttir, formaður
- Sigurbjörg A. Guttormsdóttir, varaformaður
- Fanney Proppé Eiríksdóttir, ritari
- Guðbjörg Gestsdóttir, meðstjórnandi
- Ingibjörg Magnúsdóttir, meðstjórnandi
- Og varamaður : Soffía Erla Stefánsdóttir.

Viðar G. Elísson löggiltur endurskoðandi, annast endurskoðun reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Hrafn Magnússon og Jón Snædal.

Framkvæmdastjóri FAAS og dagþjálfanna þriggja sem FAAS rekur , er Svava Aradóttir , Hjúkrunarfræðingur með sérmenntun í umönnun fólks með heilabilun.

Allt skrifstofuhald FAAS er nú loksins komið á einn stað, að Hátúni 10b á 9.hæð í Þjónustusetri líknarfélaga. Starfsmenn þar eru Svava Aradóttir framkvæmdastjóri og Halldóra Magnúsdóttir skrifstofumaður, báðar í 100% vinnu.

Með stjórn starfar 6 manna þverfaglegt fagráð:

- Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, Hjúkrunarfræðingur.
- Sigurbjörn Björnsson, Öldrunarlæknir.
- Erla Grétarsdóttir, Sálfræðingur.
- Berglind Indriðadóttir, Iðjuþjálfari.
- Margrét Albersdóttir, Félagsráðgjafi,
- og Inga Margrét Róbertsdóttir, Sjúkraþjálfari

Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu og send út 5 Fréttabréf. Haldnir voru 4 opnir fræðslufundir á Reykjavíkursvæðinu, einn fundur á Akureyri, einn á Sauðárkróki og einn á Seyðisfirði.

Eins og fram hefur komið hefur FAAS unnið að því að stofna Tenglanet í kringum landið í samvinnu við aðstandendur í heimabyggð.

Á Akureyri og Sauðárkróki eru slíkir tenglar teknir til starfa. Haldinn var fundur með þeim sameiginlega á Akureyri í mars. Stefnt er að því að fara til Ísafjarðar næst (o.s.f.)

FAAS er í góðri samvinnu við Selfoss og Reykjanesbæ, en þar er unnið mikið og gott starf í þágu okkar skjólstæðinga.

Á öllum þessum fundum hafa verið flutt eitt eða fleiri fræðsluerindi. Að þeim loknum hafa aðstandendur haft tækifæri til að rabba saman yfir kaffisopa. Fræðast hvert af öðru og styðja hvert annað, sem er ekki síður mikilvægt í baráttunni við þessa erfiðu sjúkdóma.

FAAS er félagi í:

Öldrunarráði Íslands, A.F.A. Aðstandendafélagi aldraðra.

FAAS á fulltrúa í Fulltrúaráði Eirar, ÖBÍ, Vínafélagi Ljósheima, Medic Alert á Íslandi og hefur verið í góðu samstarfi við Mentis Cura á Íslandi.

FAAS á aðild að Alzheimersamtökum Norðurlandanna. Sú vinna fer að mestu fram í gegnum tölvusamskipti. Einu sinni á ári hittast félagarnir á þingi til skiptis í löndunum sjö. Þann 26. – 29. ágúst sl. var þingið haldið í Kaupmannahöfn. Svava Aradóttir og Fanney Proppé sátu þingið fyrir Íslands hönd að þessu sinni. Þær hafa haldið utanum þetta samstarf á liðnu ári.

Dagþjálfanirnar þrjár sem FAAS rekur, ganga vel undir styrkri stjórn forstöðumanna sinna. Þær hljóta mikið lof, fyrir jákvætt, lifandi og hvetjandi starf, frá þeim sem eiga ástvini sína í þeirra umsjá.

Bókin „*Að endurvekja lífsneistann, hjá fólki með heilabilun*“, eftir Jane Verity sem FAAS lét þýða og gefa út árið 2008, seldist upp á árinu og var endurprentuð.

Reykjavíkumaraþonið fór fram í lok ágúst. FAAS tók þátt í undirbúningi og framkvæmd þess. Kr. 143.990 komu í hlut FAAS. Kæru félagar um 60 manns hlupu fyrir FAAS, en við þurfum að vera svo miklu duglegri að safna áheitum en verið hefur. Við þökkum öllum hlaupurunum fyrir þeirra framlag til okkar.

FAAS var stofnað um miðjan mars árið 1985 og er því 25 ára á þessu ári.

Í tilefni þess var þeim sem stóðu að stofnun félagsins, og þeim sem verið hafa í framvarðarstöðu og tekið virkan þátt í uppbyggingu félagsins á þessum 25 árum, boðið til afmælisveislu þann 14.mars.

Gerði Pálmadóttur, sem var fyrsti formaður FAAS var færð gjöf og hún gerð að heiðursfélagi. Sú fyrsta sem hlýtur þann titil hjá FAAS.

Allur kostnaður af þessari veislu, veisluföng, tónlist og skemmtun var gefinn af velunnurum FAAS. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir þessar myndarlegu afmælisgjafir.

Í lokin var svo öllum gestunum boðið að heimsækja Hlíðarbæ, sem var fyrsta sérhæfða dagþjálfunin fyrir fólk með heilabilun, sem opnuð var fyrir þrýsting frá félaginu.

Á haustdögum voru skipðaðar af stjórn, tvær nefndir.

1. Afmælisnefnd vegna 25 ára afmælisársins. Mun hún starfa allt árið. Svava Aradóttir formaður afmælisnefndarinnar mun flytja skýrslu um störf nefndarinnar hér á eftir.

2. Laganefnd. Langt er síðan lög félagsins hafa verið endurskoðuð. Daníel Isebarn Ágústsson, Lögfræðingur er formaður nefndarinnar og mun flytja skýrslu um störf laganefndarinnar hér á eftir.

Sí vaxandi eftirspurn og ásókn er í fræðslu og ráðgjöf fyrir aðstandendur og aðra þá sem annast fólk sem þjáist af heilabilun.

Svava Aradóttir framkvæmdastjóri hefur annast og haldið utanum þennan mikilvæga þátt í starfssemi félagsins.

Ráðgjöf og fræðsla sem veitt var í mars – desember 2009 (10 mánuðir)

- Ráðgjöf og fræðsla til aðstandenda; ca. tveir tímar hvert skipti: 19 skipti
- Símaráðgjöf til aðstandenda: 75 skipti
- Fræðsla/fyrirlestrar fyrir umönnunaraðila og opnir fyrirlestrar: 19 skipti

Ráðgjöf og fræðsla sem veitt var í janúar – apríl 2010 (sl. 4 mánuði)

- Ráðgjöf og fræðsla til aðstandenda; ca. tveir tímar hvert skipti: 7 skipti
- Símaráðgjöf til aðstandenda: 62 skipti
- Fræðsla/fyrirlestrar fyrir umönnunaraðila og opnir fyrirlestrar: 10 skipti

Samtals er því veitt ráðgjöf og fræðsla sl. 14 mánuði þannig skipt að,:

- Ráðgjafarfundir neð aðstandendum: 26 (eða nær tvisvar sinnum í mánuði.)
- Símaráðgjöf: 137 (eða um 10 sinnum í mánuði)
- Fræðsla/fyrirlestrar: 29 (eða rúmlega tvisvar sinnum í mánuði)

Þetta hefur verið mikil og tímafrek vinna og þökkum við Svövu, fyrir að vinna þessum málum mikinn framgang, þar sem þetta er eitt af megin stefnumálum í starfi félagsins.

Þá hefur mikil vinna farið í að leiðrétta félagaskrána, hún var í miklu ólagi, en er nú að komast í rétt horf, félagarnir eru nú 872 talsins.

Kæru félagar.

Þegar Haukur Helgason veiktist snögglega þann 4.mars árið 2009, stóðum við frammi fyrir miklum vanda. Unnur A. Hauksdóttir var aðstoðarmaður hans.

Launakerfi félagsins reyndist vera lokað í tölvu inni á hennar heimili, óaðgengilegt fyrir okkur. Það reyndist mjög erfitt að ná í Unni og ógerlegt að ná neinni samvinnu við hana.

Í lok apríl litum við því svo á, að hún væri ekki í starfi hjá FAAS.

Unnur stefndi FAAS vegna ólögmætrar uppsagnar og er það mál í farvegi og verður dómtekið, væntanlega í lok maí. Þetta er erfitt og leiðinlegt mál en verður að hafa sinn gang.

Kæru félagar og aðrir gestir.

Ýmislegt fleira höfum við reynt að leggja til málanna þó að við höfum ekki haft hátt í fjölmiðlum, oft er betra að vinna á öðrum vettvangi.

Mikið starf hefur verið unnið á vegum FAAS nú sem fyrr. Ég hef hér aðeins stiklað á stóru yfir það helsta. Mikið hefur mætt á stjórn, varastjórn, framkvæmdastjóra, skrifstofumanni og endurskoðanda sem öll hafa æfinlega verið tilbúin að leggja sitt af mörkum.

Ég segi sem fyrr það er dýrmætt að vinna með fólki eins og ykkur.

F.h.stjórnar

María Th. Jónsdóttir